



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/2222
komudagur 12.5.2010

Akranesi 12. maí 2010
Tilvísun: L10050008/011/MG/--

**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um grunngerð
landupplýsinga, 549. mál**

Landmælingar Íslands vísa til erindis sem barst stofnuninni frá Alþingi þann 11. maí 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, mál 549.

Landmælingar Íslands fagna því að sett verði lög um skipulag landupplýsingamála á Íslandi en á því sviði liggja að mati stofnunarinnar tækifæri til umbóta- og hagræðingar sem falla vel að áformum stjórnvalda um að einfalda íslenska stjórnsýslu. Staðan í málaflokknum er sú að fjölmargar stofnanir og sveitarfélög búa yfir landupplýsingum sem eru dreifðar og oft illa aðgengilegar af ýmsum ástæðum. Löggjöf um grunngerð landupplýsinga er því mikilvægt skref til úrbóta sem ætti að skila betra aðgengi og meiri samvinnu á milli opinberra aðila.


Hjá Landmælingum Íslands hefur verið unnið að undirbúninga þessa verkefnis um nokkurt skeið í góðri samvinnu við umhverfisráðuneytið og fjölmarga aðra og því eru starfsmenn vel í stakk búnir að takast á við það mikilvæga forystuverkefni sem stofnuninni er ætlað samkvæmt frumvarpinu.

Hvað varðar athugasemdir við frumvarpið sjálft vilja Landmælingar Íslands benda á eftirfarandi:

Í 10. gr. er fjallað um samræmingarnefnd vegna landupplýsinga og eru meðal annars talin upp nokkur ráðuneyti. Þar sem kynntar hafa verið hugmyndir um fækkun ráðuneyta og tilflutning verkefna á milli ráðuneyta á næstu misserum er því því varpað fram til umhugsunar hvort ekki ætti að orða þessa grein með öðrum hætti hvað varðar ráðuneytin. Einnig er vakin athygli á því að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið er ekki nefnt í upptalningunni, en undir það ráðuneyti heyra málaflokkar þar sem mikil þörf er á reglubundinni notkun landupplýsinga.

Að öðru leiti gera Landmælingar Íslands ekki athugasemdir við frumvarp um grunngerð landupplýsinga, 549. mál..

Bestu kveðjur


Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands